

Landgræðsla Ríkisins
Gunnarsholt
851 Hella

Reykjavík, 8. júlí 2022
UST202205-394/Þ.V.B.
09.05.01

Efni: Umsókn um leyfi til rannsókna - Reykjanesfólkvangur

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Landgræðslunar, dagsett 31. maí 2022 um leyfi til rannsókna innan Reykjanesfólkvangs.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að setja upp 3 rannsóknarreiti innan fólkvangsins. Hnit og kort sem sýnir staðsetningu reitana fylgdi með umsókn. Í hverjum reit verður grafin 30 cm hola í með handverkværum til jarðvegskönnunar. Settur verður niður 1 plasthæll og 4 tréhælar til að merkja reitinn. Fyllt verður aftur upp í holuna og gróðurtorfan sett aftur yfir svo ekki sjáist að grafið hafi verið á svæðinu. Þrír aðilar koma að uppsetningu reitana og rannsóknum á þeim sumarið 2022. Ráðgert er að reiturinn verði heimsóttur aftur að fimm árum liðnum og svo vonandi á 5 ára fresti eftir það.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Landgræðslu ríkisins fyrir sitt leyti leyfi til rannsókna innan Reykjanesfólkvangs sbr. lýsingu hér að ofan frá dagsetningu þessa bréfs til 31. desember 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð þess svæðis sem raskað verður haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.

- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Sé vöktunarverkefninu hætt skulu merkingarnar fyrir reitina fjarlægðir.
- Rannsóknaraðilar og farartæki skulu vera merktir sínum stofnunum og/eða klæðast merktum sýnileikafatnaði.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

René Biasone
svæðissérfræðingur

Þórdís Björt Sigþórsdóttir
sérfræðingur